



# Sumarstörf

## Starfslýsing:

### Flokkstjóri Vinnuskóla Strandabyggðar Umsjónaraðili með fegrun bæjarins og opnum svæðum

Auglýst er staða flokkstjóra Vinnuskóla Strandabyggðar. Í starfinu felst skipulagning og stýring vinnuhópa á aldrinum 12-17 ára sem sinna fjölbreyttum verkefnum í sveitarfélaginu. Starfið felur í sér leiðsögn, hópefli og hvatningu og er tómstundastarf að hluta. Viðkomandi er einnig umsjónaraðili með fegrun bæjarins og á opnum svæðum og hefur umsjón með mótun verkefna sem miða að því að fegra bæinn og byggja upp opin svæði.

Vinnuskóli Strandabyggðar heyrir undir skrifstofu Strandabyggðar og í nánu samstarfi við aðrar deildir eða starfsstöðvar.

#### Í starfinu felast eftirfarandi verkefni:

- Yfirumsjón með verkefnum og fræðslu til nemenda í Vinnuskóla Strandabyggðar
- Mótun og skipulagning verkefna sem miða að fegrun bæjarins
- Verkstjórn og leiðsögn til aðstoðarfólks og ungmenna í Vinnuskóla Strandabyggðar
- Virk þátttaka í hverju því starfi sem ungmennin taka sér fyrir hendur
- Vera starfsfólki Vinnuskólans góð fyrirmynd, hvatning og stuðningur
- Vinna með uppbyggileg samskipti og skapa liðsheild í nemendahópnum
- Mótun forvarnarverkefna og félagsstarfs ungmenna í samstafi við tómstundafulltrúa
- Ábyrgð á verkfærum og innkaupum á vegum Vinnuskólans í samráði við skrifstofu Strandabyggðar
- Samskipti og samstarf við Áhaldahús, skrifstofuhald og íbúa á svæðinu
- Skil á tímaskýrslum og umsögnum um nemendur
- Skil á lokaskýrslu um starfið
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni sem tengjast umhverfi bæjarins og Vinnuskóla Strandabyggðar

Starfstími er áætlaður frá byrjun júní og út ágúst eða eftir samkomulagi. Starfsstöð er í Áhaldahúsi og skrifstofu Strandabyggðar.

Gerð er krafa um góða samskiptafærni og góð tengsl við fólk á öllum aldri, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og þjónustulund auk frumkvæðis og hugmyndaauðgi.

Umsækjandi skal hafa reynslu af því að starfa með ungmennum og þekking á starfi vinnuskóla er kostur. Æskilegt er að umsækjandi hafi bílpróf. Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri, vera reglusamur og stundvís og með hreint sakavottorð.

Nánari upplýsingar veitir skrifstofustjóri Salbjörg Engilbertsdóttir [salbjorg@strandabyggd.is](mailto:salbjorg@strandabyggd.is)